ÁRSSKÝRSLA
2025 - 2026

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

www.sass.is 4808200 sass@sudurland.is

Ritstjórn, hönnun og textagerð: Stefán Friðrik Friðriksson
Ljósmyndir starfsfólks SASS: Steinn Vignir
Prentun: Prentmet Oddi - Selfossi

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

SAMVINNAN ER OKKAR STÆRSTI STYRKUR

Árið 2025 hefur verið ár umbreytinga og vaxtar hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Undir forystu Ingunnar Jónsdóttur, nýs framkvæmdastjóra, hefur verið unnið að víðtækri endurskipulagningu og skýrari stefnumótun – bæði inn á við og út á við. Við settumst niður með Ingunni og fórum yfir mikilvægi Suðurlands sem frjórrar uppsprettu nýsköpunar, hlutverk byggðaþróunarfulltrúa og þá stóru sýn sem liggur að baki starfinu til næstu ára.

Að sá fræjum og vökva jarðveginn

Þegar þú horfir í baksýnisspegilinn yfir síðustu mánuði í starfi SASS, hvað stendur hæst og hver er þín helsta tilfinning fyrir þeim verkefnum og árangri sem náðst hefur í landshlutanum?

Þetta fyrsta ár mitt í starfi hefur verið bæði krefjandi og gefandi. Mér var falið að endurskipuleggja samtökin, uppfæra verkferla og koma með nýja sýn fyrir starfsemina. Fyrsta og mikilvægasta skrefið var að stilla okkur öll saman á sömu blaðsíðu, að skapa eitt sterkt SASS-teymi.
Okkar grunnstef er **samvinna**, hvort sem um er að ræða okkar innra starf, vinnuna út í sveitarfélögin eða samstarfið við aðra landshluta.
Við höfum lagt mikla vinnu í að gera samtökin sýnilegri. Við erum til dæmis að taka í gagnið nýja heimasíðu og réðum sérstakan starfsmann í miðlun. Mér hefur oft liðið eins og þetta fyrsta ár hafi farið í að vinna undir yfirborðinu – að undirbúa jarðveginn, sá fræjum og vökva. En nú sjáum við afraksturinn þegar litlir sprotar fara að skjóta upp kollinum víðs vegar um Suðurlandið. Ég er óskaplega bjartsýn á framhaldið enda einvala hópur í teyminu sem ég er svo óendanlega stolt af.“



Sóknaráætlun – Samningurinn við landshlutann

Starf SASS er að miklu leyti unnið í gegnum Sóknaráætlun Suðurlands. Hvert er raunverulegt hlutverk þessa verkefnis þegar kemur að því að efla lífsgæði og byggðafestu okkar fólks?

„Sóknaráætlunin er í raun birtingarmynd okkar helstu möntru: Samvinnunnar. Þetta er sértæk byggðaáætlun sem við vinnum beint út frá hugmyndum og þörfum íbúa landshlutans. Þetta er okkar sameiginlegi samningur við ríkið um hvernig við viljum fjármagna og framkvæma áhersluverkefni og uppbyggingarsjóð svæðisins. Áætlunin sem við vinnum eftir núna gildir til ársins 2029 og er okkar allra að tryggja að þau markmið sem þar eru sett verði að veruleika. Markmiðið er auðvitað alltaf það sama: að gera frábært samfélag enn betra.“

Tengingin inn í nærumhverfið

SASS stýrir oft samstarfsverkefnum þvert á öll sveitarfélögin. Hvaða þýðingu hefur þetta víðtæka tengslanet fyrir nýsköpun og uppbyggingu innviða?

Við höfum árið 2016 mjög mikilvægt samstarf við þekkingarsetur og aðrar stoðstofnanir á svæðinu. Hugmyndin var að hvert atvinnusóknarsvæði á Suðurlandi hefði sinn eigin byggðaþróunarfulltrúa – þ.e. tengilið sem þekkir sitt nærumhverfi inn og út. Þetta kerfi hefur reynst stórkostlega vel. Við sjáum aukna þekkingaryfirfærslu, betri samvinnu milli ólíkra svæða og dýpri skilning á áskorunum þessa víðfeðma landsvæðis.



Á Mannamóti Markaðsstofa landshlutanna
f.v. Margrét Pollý Hansen Hauksdóttir Verkefnastjóri nýsköpunar hjá HFSU og byggðaþróunarfulltrúi efri hluta Árnessýslu, Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri byggðaþróunar, Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Rakel Theodórsdóttir byggðaþróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu

Að styðja við grasrótina

Hvaða tækifæri liggja í frekari vexti og samvinnu þegar kemur að menningu og atvinnulífi?

Til að vita hvert við erum að fara verðum við að vita hvar við stöndum. Þess vegna höfum við hvatt öll svæðin til að setja sér atvinnustefnu, sem myndar svo grunninn að nýju nýsköpunarstefnunni okkar fyrir Suðurland. Þessi stefna verður kynnt formlega á **Uppsprettunni** í haust, en það er ný og glæsileg nýsköpunarhátíð Suðurlands þar sem frumkvöðlar, íbúar og fjárfestar koma saman.
Í menningarmálum erum við núna að vinna fyrstu menningarstefnu svæðisins. Við viljum heyra rödd grasrótarinnar í skapandi greinum. Svo erum við mjög stolt af því að við höfum hlotið styrk úr Barnamenningarsjóði til að halda stóra, sameiginlega barnamenningarhátíð á Suðurlandi, því við viljum efla ungu kynslóðina til að taka við keflinu. Einnig vil ég nefna Hörpusjóðinn okkar sem er sérstakur samfélagssjóður í minningu Hörpu Elínar byggðaþróunarfulltrúa í Vík, en hún var ötull talsmaður inngildingar í fjölmenningarsamfélaginu sem þar er, og drifkrafturinn í ótal menningar- og samfélagsverkefnum. Úr sjóðnum verður veitt árlega samhliða aðalfundi SASS og verður fyrsta úthlutun í lok júní 2026.

Nýtt skipurit og samtal þvert á svæði

Nýlega kynntuð þið nýtt skipurit. Hvaða breytingar ætti það að hafa í för með sér fyrir daglegt starf?

„Til þess að við gætum starfað raunverulega sem eitt teymi urðum við að sjá það endurspeglast í skipuritinu. Við fengum KPMG til að gera óháða úttekt á starfseminni og úr varð þetta nýja skipulag sem styður við hvernig við viljum vinna. Það brýtur niður múra, hvetur til þverfaglegrar vinnu í teymum og gefur okkur mun meira frelsi til að tækla fjölbreytt verkefni."



Ingunn stýrði ársfundi Byggðastofnunar sem fram fór á Kirkjubæjarklaustri á dögunum.



Frá afhendingu Menntaverðlauna Suðurlands f.v. Halla Tómasdóttir forseti Íslands, Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Orkídeu og Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS

Jafnvægi og sameiginlegur kraftur

Hvernig gerum við Suðurland enn sterkara með því að byggja á okkar sérstöðu í greinum á borð við ferðaþjónustu, nýsköpun og matvælaframleiðslu?

„Við búum á auðugu svæði sem hefur þann einstaka eiginleika að greinar okkar, eins og ferðaþjónusta og landbúnaður, blandast oft mjög fallega saman. Þegar ein grein hikstar vegur önnur hana iðulega upp og skapar ákveðið jafnvægi. En þessum gríðarlega vexti fylgja líka stórar áskoranir. Við erum til að mynda að glíma við það að í sumum samfélögum okkar er yfir helmingur íbúa af erlendum uppruna, mörg sveitarfélög vaxa svo hratt að innviðir eiga erfitt með að anna þeirri þjónustu sem þeim ber að veita, og álag á vegakerfið er sums staðar orðið slíkt að það ræður ekki við þann fjölda ferðamanna sem um það fer. Þetta eru risastór verkefni sem við leysum ekki nema með því að vinna þau saman.

Okkar helsta sérstaða er nefnilega sú að við gerum okkur grein fyrir því að þrátt fyrir miklar fjarlægðir og afar ólíkar áskoranir innan landshlutans liggur styrkurinn alltaf í samvinnu og samhygð.

Gott dæmi um þetta er hvernig við endurnýjuðum samning okkar við Markaðsstofu Suðurlands á árinu. Ferðaþjónusta er ein af okkar mikilvægustu grunnstoðum og því skiptir sköpum að við séum í góðu samtali við bæði íbúa og hagsmunaaðila. Einnig má nefna öflugt samstarf okkar í gegnum Orkídeu, sem er samstarfsverkefni SASS, Landsvirkjunar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið þar er að gera íslenskar matvælaafurðir samkeppnishæfari á heimsvísu og festa Suðurland í sessi sem alþjóðlega fyrirmynd í hringrásarhagkerfinu. Það verkefni eitt og sér hefur dregið rúmlega milljarð króna inn á svæðið á árunum 2021 til 2025 í alls kyns verkefni. Samvinnan er og verður okkar helsti lykill að árangri.“

Suðurland í stafni eftir fimm ár

Að lokum, hvar sérðu SASS statt eftir fimm ár? Hvert er stóra lokamarkmiðið?

Það eru lykilverkefni sem við ætlum að vinna að af miklum krafti; þar nefni ég samgöngumál, eflingu heilbrigðisþjónustu í dreifbýli, menntun sem hentar atvinnulífinu okkar og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Lokamarkmiðið, eða stóra sýnin okkar, er að SASS verði óumdeilanlega leiðandi afl í byggðaþróun á öllu svæðinu. Við viljum vera traustur samstarfsaðili ríkis og sveitarfélaga og standa vörð um okkar sérstöðu sem nokkurs konar miðstöð **SA**mvinnu og **S**amtal**S**.“



Hluti starfsmanna SASS árið 2026
Fremst er Arna Ír Gunnarsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs, fyrir ofan hana eru Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Selma Harðardóttir ráðgjafi hjá ART teyminu. Fyrir miðju eru þau Stefán Friðrik Friðriksson verkefnastjóri miðlunar hjá SASS og Orkídeu og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri byggðaþróunar. Í næstefstu röð eru þeir Árni Magnússon verkefnastjóri Sorpstöðvar Suðurlands og Ingvi Már Guðnason verkefna- og þjónustustjóri SASS. Á toppnum trónir Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfissérfræðingur SASS.

ÚTHLUTAÐ EINU SINNI Á ÁRI ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að breyta verklagi við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Helsta breytingin felst í því að fækka úthlutunum sjóðsins úr tveimur á ári í eina. Um er að ræða tilraunaverkefni til næstu tveggja ára sem miðar að því að efla faglegan stuðning við umsækjendur og tryggja skilvirkari nýtingu fjármuna.

Á 632. stjórnarfundi SASS var ákveðið að innleiða þetta nýja fyrirkomulag strax á árinu 2026. Þetta þýðir að hefðbundin vorúthlutun, sem alla jafna hefur farið fram í febrúar og mars, mun ekki eiga sér stað í ár. Þess í stað verður boðað til einnar stórrar úthlutunarlotu næstkomandi haust.



Samræming og aukin gæði ráðgjafar

Með þessari breytingu samræmir SASS vinnubrögð sín við önnur landshlutasamtök á landinu, sem öll hafa tekið upp eina úthlutun á ári. Meginmarkmiðið er að draga úr stjórnsýsluþunga og skapa þess í stað svigrúm fyrir byggðaþróunarfulltrúa og verkefnastjóra SASS til að sinna:

- Öflugri stuðningur og ráðgjöf: Ráðgjafar SASS hafa meira svigrúm til að veita umsækjendum persónulegri aðstoð. Umsækjendur fá nú meira svigrúm til að vinna með ráðgjöfum við að þróa hugmyndir sínar, vanda umsóknir og styrkja viðskipta- eða menningaráætlanir sínar áður en frestur rennur út.
- Sanngjarnara mat og meira gagnsæi: Þegar öll verkefni ársins eru metin samtímis er tryggt að þau fái jafna umfjöllun innan sama fjárhagsramma og það tryggir að bestu umsóknirnar hljóti brautargengi.
- Fyrirsjáanleiki og áætlanagerð: Með einum föstum umsóknarfresti á ári verður ferlið skýrara. Umsækjendur geta gert langtímaáætlanir og nýtt tímann fram á haust til að tryggja að öll fylgiskjöl og samstarfsaðilar séu í höfn.
- Vandaðri eftirfylgni: Breytingin gerir SASS og ráðgjöfum kleift að fylgja styrktum verkefnum betur eftir. Þannig verður sjóðurinn ekki aðeins fjárhagslegur bakhjarl heldur virkur samstarfsaðili sem styður við framgang verkefna yfir allt árið.

Úthlutunarflokkar óbreyttir

Þrátt fyrir breytta úthlutunartíðni verður áfram úthlutað úr tveimur flokkum: Menningu annars vegar og Atvinnuþróun og nýsköpun hins vegar. Fagráð mun starfa með sama hætti og áður og tryggja faglega yfirferð allra umsókna.

Stjórn SASS telur þessa breytingu nauðsynlega til að styrkja sjóðinn sem öflugan bakhjarl sunnlensks samfélags. Verkefnið verður metið að tveimur árum liðnum og tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag í ljósi þeirrar reynslu sem komst á tilraunatímabilinu.

YFIRLIT YFIR HLUTA AF VERKEFNUM SASS SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI

Síðastliðið hálft ár hefur einkennst af mikilli grósku og fjölmörgum áskorunum í starfsemi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og samstarfsaðila. Markvisst hefur verið unnið að verkefnum sem efla innviði, menntun, menningu og atvinnulíf á Suðurlandi til að auka búsetugæði og styrkja samkeppnishæfni landshlutans.



Nýr samstarfssamningur við Markaðsstofu Suðurlands

SASS og Markaðsstofa Suðurlands hafa undirritað nýjan samstarfssamning sem eflir samstarf á sviði ferðaþjónustu og tengdra atvinnugreina. Markmið samningsins er að samræma Sóknaráætlun Suðurlands, Áfangastaðaáætlun Suðurlands og markaðsstarf svæðisins til að styðja markvisst við sjálfbæra þróun og verðmætasköpun í landshlutanum.



„Brúum bilið“ með Sigurhæðum

SASS og þjónustumiðstöðin Sigurhæðir hafa gert samning um mikilvægt áhersluverkefni sem miðar að því að draga úr ofbeldi og þróa einstaklingsmiðaða þjónustu fyrir ungmenni á aldrinum 16–18 ára á Suðurlandi. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) til að tryggja að þessi aldurshópur falli ekki á milli þjónustukerfa.



Sögusloðir Suðurlands

SASS hlaut 6,5 milljóna króna styrk úr byggðaáætlun til að þróa heildstæða sögutengda ferðaleið um landshlutann. Verkefnið er leitt í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands og byggðaþróunarfulltrúa til að kortleggja sögustaði, efla staðbundna verðmætasköpun og draga úr árstíðasveiflum í ferðaþjónustu.



Barnamenningarhátíð Suðurlands 2027

SASS hlaut veglegan 6.000.000 króna styrk úr Barnamenningarsjóði fyrir hátíðina, sem mun fara fram samtímis í öllum 15 sveitarfélögum Suðurlands vorið 2027. Verkefnið miðar að því að jafna aðgengi barna að vönduðu menningarstarfi óháð búsetu og byggir á virkri þátttöku og sköpunarkrafti ungmenna á svæðinu.



Framtíðarskipulag og greining á Skjálftanum

SASS og Týra hugverk og handverk ehf. hafa undirritað samning um viðamikla greiningarvinnu til að tryggja jafna þátttöku allra grunnskóla á Suðurlandi í Skjálftanum. Verkefnið, sem hlaut 5,5 milljónir króna úr Sóknaráætlun Suðurlands, miðar að því að finna hagkvæmar, tæknilegar og sjálfbærar leiðir fyrir smærri skóla svæðisins.

Stofnun og opnun Hörpusjóðsins

SASS hefur sett á laggirnar nýjan samfélagssjóð til minningar um Hörpu Elínu Haraldsdóttur. Sjóðnum er ætlað að styðja við verkefni sem efla inngildingu, tungumálanám, menningarlæsi og félagslega aðlögun nýrra íbúa á Suðurlandi, og er úthlutað 1.000.000 krónum til eins verkefnis árlega.

YFIRLIT YFIR VERKEFNI SASS SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI



Mótun Nýsköpunarstefnu Suðurlands

Vinnan við heildstæða og nýja nýsköpunarstefnu svæðisins er komin á fullt skrið undir forystu Háskólafélags Suðurlands í samstarfi við SASS. Haldnar hafa verið fjölsóttar vinnustofur með fulltrúum sveitarfélaga og atvinnulífs til að rýna í styrkleika svæðisins og greina hindranir frumkvöðla.



Háskólabrú fyrir innflytjendur

SASS og Háskólafélag Suðurlands leiða nýtt áhersluverkefni sem hófst í janúar og stendur út árið 2026. Verkefninu er ætlað að kortleggja menntunarstig og þarfir íbúa af erlendum uppruna, greina hindranir og leggja traustan grunn að viðurkenndri háskólabrú á Suðurlandi í framtíðinni.



Evrópustyrkur vegna sjálfbæra uppbyggingu gagnavera

SASS leiðir íslenska þátttöku í alþjóðlega verkefninu DC NEST, sem hlaut 18 milljónir króna úr Interreg NPA-sjóðnum. Verkefnið mun styðja sunnlensk sveitarfélög með hagnýtum verkfærum til að tryggja ábyrga og sjálfbæra uppbyggingu gagnavera á svæðinu.



SASS eflir tengslanet og sýnileika menningar

Fulltrúar SASS, þær Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri, áttu árangursríkan fundardag í Reykjavík ásamt menningarfulltrúum annarra landshluta. Á fundi með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra var staða og rekstrargrundvöllur menningarhúsa rædd. Fulltrúarnir nýttu einnig ferðina til að efla tengslanet og auka sýnileika sunnlenskrar menningar á fundum með Menningarklasanum, Íslandsstofu og í Hörpu.



Grunnskólinn á Hellu hlýtur Menntaverðlaun Suðurlands

Verkefnið „Íslenskuskólinn: Hagnýt orðaforðakennsla í ÍSAT“ við Grunnskólann á Hellu hlaut Menntaverðlaun Suðurlands árið 2025. Heiðursgestur samkomunnar, Halla Tómasdóttir forseti Íslands, afhenti verðlaunin en verkefnið, sem stýrt er af Ragnheiði Gísladóttur, miðar að því að styrkja fræðilegan orðaforða fjöltyngdra nemenda. Alls voru 11 framsækin og gróskumikil menntunarverkefni víðs vegar af Suðurlandi tilnefnd til verðlaunanna í ár.



SASS lýkur alþjóðlegu samstarfi um stafræna þróun í úrgangsmálum

Alþjóðlega samstarfsverkefninu INNOCAP, styrktu af Interreg Norðurslóðaáætluninni, er nú lokið. Í verkefninu þróaði SASS stafrænu lausnina „Úrgangstorg“ í nánu samstarfi við þrjú sunnlensk sveitarfélög, en torgið sameinar gögn um úrgangsmagn og kostnað í eitt aðgengilegt greiningarviðmót. Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfissérfræðingur SASS, segir tilraunafasann muna nýtast vel sem grunnur að næstu skrefum í átt að hringrásarhagkerfi á Suðurlandi.

BARNAMENNINGARDAGAR Á SUÐURLANDI HALDNIR Í FYRSTA SINN

Mikið var um að vera víða um Suðurland dagana 22. til 26. apríl síðastliðinn þegar Barnamenningardagar Suðurlands fóru fram. Hátíðin er samstarfsverkefni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og sveitarfélaganna á svæðinu. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á virka þátttöku barna undir slagorðinu „fyrir börn og með börnum".

Börnin sjálf við stjórnvölinn

Börn og ungmenni voru sjálf í hlutverki hugmyndasmiða og listamanna. Boðið var upp á skapandi vinnustofur, listsýningar, tónlist og ýmsa fjölskylduviðburði þar sem sköpunargleðin réð ríkjum.

Suðurland með augum barna

Sameiginlegur dagskrárliður viðburðarins að þessu sinni var ljósmyndaverkefnið „Suðurland með augum barna". Þar voru sunnlensk börn hvött til að fanga nærumhverfi sitt á ljósmynd, sem veitti íbúum og gestum innsýn inn í heim unga fólksins.

Jafnt aðgengi óháð búsetu

Stór þáttur viðburðarins er að stuðla að jöfnu aðgengi barna að listum og menningu óháð búsetu. Skipulag og framkvæmd dagskrárinnar var í höndum menningarfulltrúa í hverju sveitarfélagi og verkefnastjóra SASS sem hélt utan um sameiginlega fleti vinnunnar.

Stærri framtíðarsýn og hönnunarsamkeppni fram undan

Hátíðin fékk á dögunum veglegan verkefnastyrk úr Barnamenningarsjóði sem gerir SASS og samstarfsaðilum kleift að horfa til enn frekari vaxtar. Á næsta ári munu því Barnamenningardagarnir breytast í formlega Barnamenningarhátíð á Suðurlandi.
Í takt við þá áherslu að hafa unga fólkið með í ráðum verður fljótlega hrundið af stað sérstakri nafna- og merkja(lógó)samkeppni meðal barna og ungmenna í landshlutanum. Þannig fá sunnlensk börn og ungmenni tækifæri til að móta nafn og merki nýrrar hátíðar frá grunni.

ART-TEYMI SUÐURLANDS

ART-teymi Suðurlands vinnur markvisst að því að styðja við jákvæða hegðun, bæta líðan og efla samskipti barna og fjölskyldna í landshlutanum. Starfsemin byggir á þjálfunarmódelinu ART (Aggression Replacement Training) og byggir á þremur meginþáttum: félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferði.

Í gegnum þjálfunina er börnum kennt hvernig bregðast á við í ýmsum félagslegum aðstæðum um leið og unnið er markvisst með sjálfsstjórn. Þar læra þau að þekkja bæði eigin tilfinningar og annarra og tileinka sér aðferðir til að stjórna þeim. Jafnframt er lögð áhersla á siðferði, en þar eru gildi samfélagsins rædd og styrkt.

Fjölskyldu ART

Í gegnum úrræðið Fjölskyldu ART er unnið í nánu samstarfi við foreldra og skóla barnanna. Þar vinna foreldrar og börn saman sem ein heild að því að koma á reglum, rútínu og tileinka sér jákvæðan aga á heimilinu. Samhliða þjálfuninni býður teymið upp á persónulega ráðgjöf og samtöl fyrir bæði foreldra og börn.

Menntun nýrra ART-þjálfara

Aðferðafræðin er nýtt víða í samfélaginu, svo sem í leik-, grunn- og framhaldsskólum, á meðferðarheimilum og í starfsendurhæfingu. Til að breikka þann hóp sem getur beitt þessum úrræðum heldur ART-teymið á Suðurlandi úti 13 vikna réttindanámskeiðum í upphafi hverrar annar. Þaðan útskrifast þátttakendur með réttindi til þess að starfa sem ART-þjálfarar á sínum vettvangi.

Nýtt merki fangar kjarna starfseminnar

Teymið hefur nýverið tekið í notkun nýtt og stílhreint merki sem fangar kjarnann í starfseminni. Merkið sýnir uppdrátt af fjölskyldu þar sem barnið er í miðpunkti, umkringt hring sem táknar samheldni fjölskyldunnar og þá nálgun að allir vinni saman sem ein heild.

HARPA ELÍN HLAUT MENNINGARVERÐLAUN SUÐURLANDS 2025

Við hátíðlega athöfn á ársþingi SASS sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri dagana 23.–24. október síðastliðinn voru Hörpu Elínu Haraldsdóttur, forstöðukonu Kötluseturs í Vík og samstarfskonu okkar hjá SASS, afhent Menningarverðlaun Suðurlands 2025. Það er með djúpri sorg en jafnframt miklu þakklæti sem samtökin kveðja þennan einstaka eldhug, en skammt var stórra högga á milli þar sem Harpa kvaddi þennan heim þann 1. nóvember sl. eftir hetjulega baráttu við krabbamein.

Óeigingjarnt starf og einstakur drifkraftur

Harpa Elín hlaut viðurkenninguna fyrir ómetanlegt og óeigingjarnt framlag sitt til menningar og samfélags í Mýrdalshreppi. Menningarverðlaun Suðurlands eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar og voru nú veitt í sjöunda sinn.

Í rökstuðningi dómnefndar, sem vitnað var til við afhendinguna, var Hörpu lýst sem „ótrúlegum drifkrafti“ í samfélaginu:
„Með sinni einstöku orku, jákvæðni og góðvild hefur hún haldið uppi menningarstarfi og samfélagslegri virkni af ótrúlegum krafti.“
Í umsögninni kom jafnframt fram að starf hennar sem forstöðukona Kötluseturs hefði náð langt út fyrir hefðbundin starfsmörk. Hún stóð að skipulagningu og framkvæmd bæjarhátíða á borð við Regnbogann og Vor í Vík – oft ein eða með takmarkaðri aðstoð – auk þess að standa fyrir fjölmörgum öðrum viðburðum á borð við myndlistarsýningar, tónleika og leikrit.



Frá afhendingu menningarverðlauna Suðurlands. f.v. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdstjóri SASS, Anton Kári Halldórsson formaður stjórnar SASS og Harpa Elín Haraldsdóttir verðlaunahafi 2025



Harpa Elín Haraldsdóttir verðlaunahafi 2025 heldur þakkar fyrir sig

Brúarsmíð í fjölmenningarlegu samfélagi

Sérstaklega var vakin athygli á því mikilvæga hlutverki sem Harpa gegndi í Mýrdalshreppi, þar sem um 62% íbúa eru af erlendum uppruna. Hún tók á móti nýjum íbúum af einlægri hlýju, stóð fyrir bókaklúbbum og kaffihúsum til að æfa íslensku og veitti ómetanlegan stuðning í samskiptum við stjórnsýslu og félagsþjónustu. Hún sýndi það í verki að hún var virkur samfélagsþegn – ekki aðeins í menningarmálum heldur einnig í foreldrastarfi, forvarnarstarfi, starfi með eldri borgurum og í þágu farsældar barna.

Djúp sorg og mikið þakklæti

Harpa starfaði í hópi atvinnuráðgjafa á Suðurlandi frá því að hún tók við starfi forstöðukonu Kötluseturs í ágúst 2021. Hún kom inn í starfið af miklum krafti, með ómótstæðilega orku, geislandi nærveru, endalausa bjartsýni og eldhug sem heillaði alla sem nutu þess láns að kynnast henni.
Orð dómnefndar um ómetanlegt framlag hennar eru orð sem öll þau er unnu með Hörpu geta fyllilega tekið undir. Við kveðjum okkar dásamlegu vinkonu og samstarfskonu með miklum söknuði en erum ríkari fyrir vikið að hafa notið samfylgdar hennar. Til að heiðra minningu hennar og halda merki hennar á lofti hafa Samtök sunnlenskra sveitarfélaga nú sett á laggirnar nýjan samfélagssjóð, Hörpusjóðinn, og er úthlutað úr honum árlega. Fjölskyldu og vinum Hörpu Elínar vottar SASS sína dýpstu samúðarkveðju.

NÝTT SKIPURIT SASS EFLIR SAMVINNU Á SUÐURLANDI

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafa innleitt nýtt skipurit í kjölfar ítarlegrar greiningarvinnu. Markmiðið er að nútímavæða vinnulag, efla þverfaglega teymisvinnu og auka sveigjanleika samtakanna við að takast á við fjölbreytt verkefni í þágu landshlutans.

Stoðsvið og verkefnasvið mæta nýjum kröfum

Í stað eldra fyrirkomulags með aðskildum einingum og skrifstofum er starfseminni nú skipt í tvö meginsvið:

- Stoðsvið: Heldur utan um bókhald, daglegan rekstur og miðlun upplýsinga.
- Verkefnasvið: Sameinar krafta í byggðaþróun, umhverfismálum, ráðgjöf og umsýslu Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs. Þá fá stærri samstarfsverkefni, eins og Orkídea, ART-teymið og Farsæld, beinni tengingu við teymisvinnuna.

Breytingarnar brjóta niður eldri múra og skila sér í aukinni skilvirkni og enn betri þjónustu við öll fimmtán sveitarfélögin á Suðurlandi.



HVAÐ ERU SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA?

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru sameiginlegur vettvangur og bakhjarl héraðsins. Hlutverk samtakanna er að efla samstarf, leiða stefnumótandi verkefni og veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum sérfræðiráðgjöf til að tryggja öflugt atvinnu- og menningarlíf á Suðurlandi. Stoðir Sóknaráætlunar eru fjórar: samfélag, umhverfi, atvinna/nýsköpun og innviðir.

Hvað er Sóknaráætlun Suðurlands?

SASS hefur umsjón með Sóknaráætlun Suðurlands sem tryggir eflingu samfélagsins og nýsköpun á svæðinu. Sóknaráætlun Suðurlands er jafnframt samheiti yfir samning landshlutasamtakanna við hið opinbera um fjármögnum sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Stoðir Sóknaráætlunar eru fjórar: samfélag, umhverfi, atvinna/nýsköpun og innviðir.

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands eru stefnumótandi lykilverkefni sem hljóta sérstakan fjárhagslegan stuðning til þess að efla og samræma starfsemi í landshlutanum. Þessum verkefnum er ætlað að byggja á sérstöðu Suðurlands og leiða til aukinnar verðmætasköpunar og bættra búsetugæða fyrir íbúa, fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Sóknaráætlun Suðurlands fjármagnar þessi áhersluverkefni beint til þess að hrinda heildstæðri framtíðarsýn landshlutans í framkvæmd. Áhersluverkefnin virka því sem fjárfesting SASS og samstarfsaðila í þeirri framtíðarsýn.

Gott dæmi um áhersluverkefni sem styrkt er af Sóknaráætlun Suðurlands er mótun heildstæðrar *Nýsköpunarstefnu fyrir Suðurland*.
Vegna þessa áhersluverkefnis undirrituðu Háskólafélag Suðurlands og SASS samning að fjárhæð 2,5 milljónir króna. Verkefnið felur í sér að kalla saman helstu lykilaðila í nýsköpunarumhverfi svæðisins – svo sem fulltrúa frá sveitarfélögum, FabLab, frumkvöðlasetrum, Orkídeu, þekkingarsetrum og byggðaþróunarfulltrúum SASS – til að móta skýra stefnu sem sveitarfélög og fyrirtæki geta unnið eftir til framtíðar.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Uppbyggingarsjóður Suðurlands er eitt mikilvægasta tæki SASS til að styðja við framþróun á svæðinu og skiptist hann í tvo flokka: *Menning og samfélag* og *Atvinnuþróun og nýsköpun*. Sjóðurinn starfar sem fjárhagslegur og faglegur bakhjarl fyrir margvísleg framfaramál í landshlutanum.

Meginmarkmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands er að styrkja sunnlenskt samfélag og efla samkeppnishæfni þess til framtíðar. Sjóðurinn þjónar sem öflugur bakhjarl fyrir staðbundin verkefni í héraði og leggur ríka áherslu á að auka faglegan stuðning og persónulega ráðgjöf við umsækjendur á svæðinu. Með því að tryggja skilvirka og gagnsæja nýtingu fjármuna er hugað að því að bestu umsóknirnar hljóti brautargengi innan sama fjárhagsramma. Samtímis er lögð áhersla á ábyrgan framgang hvers verkefnis með vandaðri eftirfylgni ráðgjafa SASS yfir allt árið.

HVAÐ ERU SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA?

Rödd Suðurlands gagnvart ríkisvaldi og stofnunum

Hagsmunagæsla SASS snýst í kjarna sínum um að tryggja að hagsmunir, þarfir og sérstaða Suðurlands séu ávallt í forgrunni þegar stórar ákvarðanir eru teknar á landsvísu. Í stað þess að hvert og eitt sveitarfélag standi eitt og sér í baráttunni fyrir sínum málum virkar SASS sem sameiginleg og öflug rödd landshlutans gagnvart ríkisvaldinu, opinberum stofnunum og öðrum lykilaðilum í samfélaginu.

Hvernig fer hagsmunagæslan fram?

Hagsmunagæsla er ferli sem fer fram á mörgum sviðum samtímis, fyrst og fremst í gegnum virkt samtal, stefnumótun og markvissa tengslamyndun. Fulltrúar SASS, þar á meðal framkvæmdastjóri og verkefnastjórar samtakanna, eiga í reglulegu og beinu samtali við lykilaðila í ákvörðunartöku þjóðfélagsins. Með því að mæta til leiks með skýrar áherslur sýnir SASS fram á raunverulega stöðu landshlutans og krefst viðbragða, fjármagns og aukins samstarfs frá stjórnvöldum.

Annar mikilvægur þáttur í hagsmunagæslunni er að auka sýnileika sunnlensks atvinnu-, lista- og menningarlífs. SASS tekur virkan þátt í ráðstefnum, vinnustofum og fundum á samstarfsvettvöngum eins og hjá Menningarklasanum, Íslandsstofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og svo mætti áfram telja - dropinn holar steininn.
Á þeim vettvangi er rætt hvernig megi styrkja böndin á milli landshlutans og miðlægra stofnana til þess að sveitarfélög, menning, menntun og sunnlenskt atvinnulíf fái þá athygli sem þau eiga skilið. Sömuleiðis fylgjast samtökin náið með rannsóknum á hagrænum áhrifum fjölbreyttra málaflokka á landsvísu til að sýna fram á mikilvægi þess að efla sambærilega innviði skipulega í landshlutanum.

Samstaða innan landshlutans styrkir ásjónu út á við!

Til þess að hagsmunagæslan gagnvart ríkinu verði sem áhrifamest krefst hún samtals og samstöðu innan Suðurlands. SASS vinnur því í nánu samstarfi við ýmsa aðila á öllu svæðinu og styður við klasastarf og þekkingarsetur í landshlutanum. Með því að samhæfa vinnubrögðin og mæta sem ein heild með opinberum aðilum nær Suðurland að vera samkeppnishæft, sækja fram og tryggja að opinberir sjóðir nýtist Sunnlendingum sem allra best.



Frá ársfundi SASS á Kirkjubæjarklaustri í október 2025

STARFSFÓLK SASS 2026

Á bak við öfluga byggðaþróun, blómlegt menningarlíf og vaxandi nýsköpun á Suðurlandi stendur samhentur hópur starfsfólks Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Með fjölbreytta sérþekkingu og einlægan áhuga að leiðarljósi vinnum við markvisst að því að styðja sveitarfélögin og auka búsetugæði Sunnlendinga.

SKRIFSTOFA SASS



Arna Ír Gunnarsdóttir
verkefnastjóri farsældarráðs



Árni Magnússon
verkefnastjóri úrgangsmála



Elísabet Björney Lárusdóttir
umhverfissérfræðingur SASS



Ingunn Jónsdóttir
framkvæmdastjóri SASS



Ingvi Már Guðnason
verkefna - og þjónustustjóri SASS



Lína Björg Tryggvadóttir
verkefnastjóri byggðaþróunar



Stefán Friðrik Friðriksson
verkefnastjóri miðlunar

Skannaðu fyrir heimasíðu SASS

ART - TEYMI



Guðrún Herborg Hergeirsdóttir
Verkefnastjóri ART teymis



Hildur Bjargmundsdóttir
ART ráðgjafi



Selma Harðardóttir
ART ráðgjafi

BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚAR



Rakel Theódórsdóttir
Uppsveitir Árnessýslu



Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Neðri hluti Árnessýslu



Margrét Pollý Hansen
Neðri hluti Árnessýslu



Harpa Jónsdóttir
Rangárþing



Unnur Einarsdóttir Blandon
Skaftárhreppur



Hugrún Harpa Reynisdóttir
Hornafjörður



Hörður Baldvinsson
Vestmannaeyjar



Eva Bjarnadóttir
Hornafjörður

www.sass.is

4808200

sass@sudurland.is